



Hafnanefnd Norðurljósa

27. fundur hafnanefndar Norðurljósa haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurljósa, miðvikudaginn 8. desember 2010 og hófst hann kl. 18:30

Fundinn sátu:

Þráinn Guðni Gunnarsson, Hjálmar Bogi Hafliðason, Sigurgeir Höskuldsson, Áki Hauksson, Kristinn Rúnar Tryggvason, Bergur Elías Ágústsson,

Fundargerð ritaði: Bergur Elías Ágústsson, Sveitarstjóri

Dagskrá:

1. 201012012 - Erindi frá Áka Haukssyni varðandi mælasnúrur í höfninni

Rætt var um fyrirkomulag á rafmagnssölu hafna Norðurljósa til eins fasa notenda. Samþykkt að fara nánar yfir málið með hafnarvörðum.

2. 201011060 - Logos lögmannspjónusta f.h. Norðursiglingar óskar eftir frekari skýringum vegna hækkunar farþegagjalda

Hafnanefnd Norðurljósa hefur þegar svarað sama erindi á fullnægjandi hátt og sér ekki ástæðu til frekari rökstuðnings á hóflegu farþegagjaldi til Húsavíkurhafnar.

3. 201011048 - 333. fundur stjórnar Hafnasambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

4. 201011046 - Tillögur að árgjöldum 2011-2012 frá Hafnasambandinu ásamt rekstrarreikningi

Lagt fram til kynningar.

5. 201011044 - Ályktun frá 37. þingi Hafnasambandsins varðandi hlutverk og tækifæri hafna

Lagt fram til kynningar.

6. 201007027 - Ásgeir Þórðarson f.h. leigjenda verbúða á neðri hæð að Hafnarstétt 17, ósk um kaup á verbúðunum

Hafnanefnd Norðurbings hefur ákveðið að Hafnarstétt 17, á Húsavík sé ekki til sölu. Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi.

7. 201009119 - Haukur Eiðsson, umsókn um pláss í verbúð

Hafnanefnd þakkar fyrir erindið, en getur ekki orðið við því að svo stöddu. Losni verbúð mun hún verða auglýst til leigu og áhugasömum gefin kostur á að sækja um.

8. 201009118 - Erindi frá Áka Haukssyni í þremur liðum, 1.)Farþegagjöld hafna 2.)Öryggi við flotbryggjur 3.)Eignir hafnarsjóðs

Rætt um möguleika á því að setja upp hlið á flotbryggjur. Málið tekið upp að nýju þegar núverandi framkvæmdum við Hafnastétt lýkur.

9. 201012016 - Fjárhagsáætlun hafnarsjóðs

Hafnanefnd felur hafnarstjóra að ganga frá fjárhagsáætlun fyrir hafnasjóð Norðurbings fyrir árið 2011.

10. 201011022 - Hafnareglugerð og gjaldskrá

Hafnanefnd samþykkir framlagðar breytingar á hafnareglugerð og felur hafnastjóra að auglýsa hana.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00